

## Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2024

### ENSK2GA05

<b>Kennari</b>	Kristjana Hrönn Árnadóttir Anna Kristjana E. Egilsdóttir Ólöf Hildur Egilsdóttir	
<b>Viðtalstími</b>	Kristjana Hrönn, <a href="mailto:kristjana.arnadottir@fss.is">kristjana.arnadottir@fss.is</a> viðtalstími: mánudagar kl. 9:20-10:00 Anna Kristjana, <a href="mailto:anna.k.egilsdottir@fss.is">anna.k.egilsdottir@fss.is</a> viðtalstími: mánudagar kl. 14:00-14:40 Ólöf Hildur, <a href="mailto:olof.egilsdottir@fss.is">olof.egilsdottir@fss.is</a> viðtalstími: þriðjudagar kl. 10:25-11:05	 
<b>Námsefni</b>	Kennsluefni verður aðgengilegt á Innu. Nemendur þurfa að hafa möppu fyrir laus blöð. Auk þess þurfa nemendur að velja sér <b>eina</b> af eftirfarandi skáldsögum: <ol style="list-style-type: none"> <li>1. To All the Boys I've Loved Before eftir Jenny Han</li> <li>2. The Maze Runner eftir James Dashner</li> <li>3. Me Before You eftir Jojo Moyes</li> <li>4. The Hunger Games eftir Suzanne Collins</li> </ol> Athugið að nemendur þurfa bæði að lesa skáldsöguna og horfa á kvikmyndina.	
<b>Áfangalýsing</b>	Áhersla er lögð á að nemendur verði enn betur læsir á fræðilega texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér grunnorðaförða akademískra texta, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Í fyrirrúmi er vandlegur lestur texta með það fyrir augum að byggja upp skilning og hagnýtan orðaförða. Lesin eru bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi. Nemendur vinna í auknum mæli sjálfstætt að ritunarverkefnum og viðameiri verkefnum.	

<b>Reglur áfanga</b>	Verkefnum skal skilað á réttum tíma. Eftir skilafrest verður eingöngu tekið við verkefnum í stoðtíma. Nemendur fá aðeins að taka sjúkrapróf ef þeir eru með skráð veikindi í Innu á prófdegi. <u>Hver nemandi fær aðeins að skila tveimur verkefnum eða prófum í stoðtíma. Verkefni sem skilað er í stoðtíma geta mest fengið 5 í einkunn.</u> Verkefni sem tekin eru beint af netinu (copy/paste) eða hafa verið skrifuð af gervigreind munu fá núll og nemandi fær ekki tækifæri til að skila verkefninu aftur.
----------------------	--

<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	Áfanginn er með sleppikerfi. Til að sleppa við lokapróf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði: <ol style="list-style-type: none"> <li>Fá a.m.k. 7,5 í vinnueinkunn.</li> <li>Hafa tekið öll próf áfangans (kaflapróf, munnlegt próf, Innupróf, hlustunarpróf)</li> </ol> Til að klára áfangann þarf að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi.		
	<b>Símatsáfangi</b> <input type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>	<b>Sleppikerfi</b> <input checked="" type="checkbox"/>
	<b>Heiti</b>		<b>Vægi</b>
	Lokapróf		50%
	Vinnueinkunn		50%
	Vinnueinkunn skiptist þannig:		
	• 3 x kaflapróf		45%
	• Ritunarmappa		15%
	• Kjörbók (Innupróf + munnlegt próf + lesdagbók)		30%
	• Hlustunarpróf		10%

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Nemendur bera ábyrgð á að skila verkefnum á réttum tíma og á formi sem hægt er að opna þau. Verkefnum sem skilað er á formi sem ekki er hægt að opna eða eru í læstum skjölum verður ekki gefin einkunn.
--	--

<b>Þekking</b>	<b>Leikni</b>
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> <li>menningu, viðhorfum og gildum í tilteknum enskumælandi löndum</li> <li>orðaforða sem nauðsynlegur er til að standast hæfniviðmið þrepsins</li> <li>notkun tungumálsins sem er nauðsynleg til að standast hæfniviðmið þrepsins</li> <li>helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls</li> </ul>	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"> <li>skilja fjölbreytt mál sem talað er við mismunandi aðstæður</li> <li>lesa margs konar gerðir texta</li> <li>beita málfari við hæfi í samskiptum</li> <li>tjá sig vel um málefni sem hann hefur undirbúið</li> <li>skrifa margs konar texta, formlega og óformlega</li> </ul>
<b>Hæfni</b>	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"> <li>skilja talað mál hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki</li> <li>tileinka og nýta sér efni ritaðs texta</li> <li>lesa texta og geta tjáð sig munnlega/skriflega um efni þeirra</li> <li>tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt af tiltölulega mikilli nákvæmni</li> <li>skrifa læsilegan texta um sérvalið efni frá eigin brjósti</li> <li>skrifa margskonar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem við eiga hverju sinni</li> </ul>	

Virðing, samvinna og árangur

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	12 klst.	12 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		116 klst. = 5 fein*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 19. - 23. ágúst	Kynning á áfanganum Verkefnahefti 1 Ritun 1	
<b>2. vika</b> 26. - 30. ágúst	Verkefnahefti 1 Ritun 2	
<b>3. vika</b> 2. - 6. september	Verkefnahefti 1 Ritun 3	
<b>4. vika</b> 9. - 13. september	Verkefnahefti 1 Ritun 4	Kaflapróf 1
<b>5. vika</b> 16. - 20. september	Verkefnahefti 2	
<b>6. vika</b> 23. - 27. september	Verkefnahefti 2 Ritun 5	
<b>7. vika</b> 30. september - 4. október	Verkefnahefti 2 Ritun 6	Skila inn vali á skáldsögu
<b>8. vika</b> 7. - 11. október <i>Námsmatsdagur</i>	Verkefnahefti 2	Kaflapróf 2
<b>9. vika</b> 14. - 18. október <i>Miðannarmat</i>	Verkefnahefti 3 Ritun 7	
<b>10. vika</b> 21. - 24. október <i>Vetrarleyfi 25. okt.</i>	Verkefnahefti 3 Lesdagbók 1	
<b>11. vika</b> 29. október - 1. nóvember <i>Vetrarleyfi 28. okt.</i>	Verkefnahefti 3	
<b>12. vika</b> 4. - 8. nóvember	Verkefnahefti 3 Lesdagbók 2	Kaflapróf 3 Klára að lesa skáldsögu í þessari viku
<b>13. vika</b> 11. - 15. nóvember	Skáldsöguvinna	Innupróf úr skáldsögum
<b>14. vika</b> 18. - 22. nóvember	Munnleg próf	
<b>15. vika</b> 25. - 29. nóvember	Munnleg próf	Hlustunarpróf
<b>16. vika</b> 2. - 6. desember	Uppsóp og undirbúningur fyrir lokapróf	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kristjana Hrönn, Anna Kristjana og Ólöf Hildur